
Minnisblað

Dagsetning: 24. mars 2021

Höfundur: Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir

Viðtakandi: Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra

Málsnúmer/skjalalykill: 21011462

Efni: Minnisblað sóttvarnalæknis varðandi tillögur að opinberum sóttvarnaaðgerðum innanlands vegna COVID-19.

Undanfarna tvo mánuði hefur COVID-19 faraldurinn verið í lágmarki á Íslandi. Örfá tilfelli hafa greinst á degi hverjum og flest verið í sóttkví við greiningu og suma daga hefur enginn greinst. Þetta ástand hefur varað þrátt fyrir að slakað hefur verið á samkomutakmörkunum innanlands. Á undanförunum dögum og vikum hefur greindum smitum á landamærum hins vegar farið fjölgandi og suma daga hafa allt að 10 einstaklingar greinst með virk smit.

Undanfarnar þrjár vikur hafa komið upp þrjár hópsýkingar innanlands, allar á höfuðborgarsvæðinu og eru þær af völdum breska afbrigðis kórónaveirunnar (SARS-CoV-2; B.1.1.7). Raðgreining hefur tengt tvo hópsmitin saman þar sem upprunin virðist kominn frá einstaklingi sem greindist á landamærunum. Uppruna þriðju hópsýkingarinnar er hins vegar ekki hægt að rekja. Síðustu dagana hefur rakning í kring um þriðju hópsýkinguna sýnt að um 200-300 manns hafa verið útsettir fyrir veirunni síðast liðna viku og í gær greindust 11 nemendur í 6. Bekk Laugarnesskóla smitaðir og tengjast vafalaust þessari hópsýkingu. Þessir nemendur hafa útsett fjölda einstaklinga fyrir smiti á undangengnum dögum.

Þannig má telja víst að töluverð samfélagsleg útbreiðsla hefur nú orðið á breska afbrigði kórónaveirunnar sem nauðsynlegt er að bregðast við. Rannsóknir erlendis hafa sýnt að breska afbrigðið er til muna meira smitandi en flest önnur afbrigði og norskar rannsóknir sýna að spítalainnlagnir eru meira en tvöfalt algengari hjá öllum aldurshópum einnig hjá börnum eldri en 6 ára.

Samkvæmt reynslu okkar hér á Íslandi af fyrri bylgjum COVID-19, sérstaklega þriðju bylgju sl. haust, þá er nauðsynlegt að bregðast við núverandi sýkingum hratt og af festu ef takast á að koma í veg fyrir fjórðu bylgju faraldursins.

Ég legg því til að gripið verði til sambærilegra sóttvarnaaðgerða og þeirra sem sýndu sig að virka til að kveða niður þriðju bylgju faraldursins og að aðgerðirnar nái til alls landsins. Ég vil vekja sérstaka athygli á að tillögurnar taka einnig til barna þar sem að sýnt þykir breska afbrigðið veldur meiri einkennum hjá börnum en önnur afbrigði.

Ég legg því til eftirfarandi:

1. Ný reglugerð um sóttvarnaaðgerðir taki gildi sem fyrst og gildi í þrjár vikur.
2. Almennar fjöldatakmarkanir verði miðaðar við 10 manns. Börn fædd 2005 og síðar verði ekki undanþegin þar sem að smit hjá börnum er algengt af völdum breska afbrigðisins.

3. Náandarregla verði áfram almennt tveir metrar.
4. Grímuskylda og leiðbeiningar verði óbreyttar. Börn fædd 2005 og síðar verði undanþegin grímuskyldu.
5. Sund- og baðstöðum verði lokað .
6. Líkamsræktarstöðvum verði lokað.
7. Íþróttir innan sem utan ÍSÍ, inni og úti, með eða án snertingar verði ekki heimilar.
8. Sviðslistir verði bannaðar
9. Við athafnir trú- og lífsskoðunarfélaga þ.á.m við útfarir verði að hámarki 20 gestir. Gestum verði skylt að nota andlitsgrímur og tveggja metra náandarregla verði tryggð.. Hámarksfjöldi í erfidrykkjum verði 10 manns.
10. Verðslanir megi taka á móti 5 einstaklinum á hverja 10 m² að hámarki 50 manns. 20 starfsmenn mega vera í sama rými og viðskiptavinir. Gætt skuli að tveggja metra náandarreglu og skylt að bera andlitsgrímu þar sem regluna er ekki hægt að viðhafa.
11. Söfn og aðrir opinberir staðir megi taka á móti að hámarki 10 einstaklingum Gætt skuli að tveggja metra náandarreglu og skylt að bera andlitsgrímu þar sem regluna er ekki hægt að viðhafa.
12. Skemmtistaðir, krár, spilasalir og spilakassar verði lokaðir.
13. Veitingastaðir megi hafa opið til kl. 22 og gestir verði að hámarki 10 í rými og aðeins afgreitt í númeruð sæti og gestir skráðir. Vínveitingar einungis bornar fram til sitjandi gesta. Heimilt verði að hleypa inn nýjum viðskiptavinum til kl. 21 og skulu gestir hafa yfirgefið staðinn kl. 22:00. Gætt skuli að tveggja metra nálægðarmörkum og skylt að hafa grímur þar sem að því verður ekki við komið.
14. Börn í leikskólum verði undanþegin tveggja metra reglunni og fjöldatakmarkunum.
15. Mælst verði til að grunn-, framhalds- og háskólar fari nú þegar í páskafrí. Unnið verði að fyrirkomulagi skólalahalds sem taki gildi eftir páska.
16. Íþróttastarf barna á leik- og grunnskólaaldri verði ekki heimilt.
17. Ökunám og flugnám með kennara verði ekki heimilt.